

USK Skipulag

Frá: Erla Arnardóttir
Sent: fimmtudagur, 20. maí 2021 14:05
Til: USK Skipulag
Afrit: Björn Ingi Edvardsson; Ólafur Melsted; Óli Örn Eiríksson
Efni: Hólmsheiði - gagnaver - skipting á lóð
Viðhengi: Hólmsheiði-svæði-B-Lóðarskipting-2.pdf; samkomulag um tímabundið lóðarvilyrði.TIF

Eftirfylgniflagg: Fylgja eftir
Flaggstaða: Flagggað

Góðan dag.

Árið 2017 fengu Green Atlantic Data Centers tvö lóðarvilyrði fyrir lóð á Hólmsheiði og var fyrirhugað að reisa þar gagnaver, sjá meðfylgjandi samning um tímabundið lóðarvilyrði og hér ([Br\351f 2: \) \(reykjavik.is\)](#)

Nú er óskað eftir að tekið verði fyrir á afgreiðslufundi hvort hægt er að skipta lóðinni, með heimild til að sameina þær seinna meir, sjá meðfylgjandi skjal frá Green Atlantic Data Centers, þar sem fram kemur þeirra hugmynd að skiptingu.

Björn Ingi, Ólafur og Óli Örn fá afrit af þessum pósti en þeir þekkja til málsins.

Endilega látið mig vita ef einhverjar spurningar eru.

Með kveðju,

Erla Arnardóttir
Lögfræðingur

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara /
Office of the Mayor and Secretary General
Ráðhús Reykjavíkur / Reykjavik City Hall
Sími (+354) 411-1111
erla.arnardottir@reykjavik.is

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.



1-3 h

sp

7.816

48.000

BÍLASTÆÐI

Yfirlitsmynd
1:2000

0 10000 50000 100000 mm
1:2000
Frumstærð blaðs A3

A

B

C

D

E

F

UNDIRRITUN HÖNNUNARSTJÓRA		
SAMPYKKT:		
ÚTG DAGS	SKÝRINGAR	HANN
HÓLMSHEIÐARVEGUR 101 Svæði B, Hólmsheiði Tillaga að lóðarskiptingu Samanlagt svæði 55.769 m ²		
VERKFRANG	TEIKNING	


© Öll áhlot og oflitan teikningar, að hluta eða í heild er höb skriflegu leyfi höfundar


SAMNINGUR UM TÍMABUNDIÐ LÓÐARVILYRÐI

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík, vegna Reykjavíkurborgar eignasjóðs kt. 570480-0149, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík og Green Atlantic Data Centers ehf. kt. 621116-0610, Ármúla 18, 108 Reykjavík gera með sér svofelldan samning um greiðslu fyrir lóðarvilyrði:

1. Reykjavíkurborg skuldbindur sig til þess að veita Green Atlantic Data Centers (hér eftir GADC ehf.) vilyrði fyrir lóð/lóðum við Hólmsheiði undir rekstur gagnavers, með fyrirvara um að deiliskipulag fyrir lóðina/lóðirnar verði samþykkt með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.
2. Stærð og staðsetning lóðarinnar/lóðanna verður nánar ákveðin í deiliskipulagi. Til skoðunar er að hámarksbyggingarmagn sem veitt er vilyrði fyrir í heild sinni, hvort um sé að ræða eina lóð eða fleiri, sem að heimili byggingar allt að 30.000 m².
3. Nýti GADC sér ekki lóðarvilyrðið að fullu þá gengur greiðsla fyrir lóðarvilyrðið uppí álögð gatnagerðargjöld fyrir þá lóð sem verður úthlutað félaginu á grundvelli lóðarvilyrðisins. Samráð skal haft við GADC um stærð þeirrar lóðar einnar eða fleiri sem afmörkuð verður í deiliskipulagi. Þegar sú afmörkun liggur fyrir þá miðast endanlegt lóðarvilyrði við þá afmörkun. Heimilt er að nýta hluta vilyrðisins innan gildistíma þess til þess að byggja hluta af endanlegu byggingarmagni.
4. Gildistími þessa lóðarvilyrðis er 3 ár, teljandi frá samþykkt deiliskipulags fyrir lóðina/lóðirnar í B-deild Stjórnartíðinda. Fyrir lóðarvilyrði þetta greiðir GADC ehf. kr. 1.500 á hvern byggingarfermetra skv. samþykktu deiliskipulagi fyrir lóðirnar. Gjald dagi greiðslunnar er einu ári eftir birtingu auglýsingar á samþykktu deiliskipulagi fyrir lóðina/lóðirnar í B-deild Stjórnartíðinda. Berist Reykjavíkurborg ekki greiðsla fyrir lóðarvilyrðið samkvæmt framangreindu, fellur lóðarvilyrðið niður.
5. GADC ehf. skal taka afstöðu til þess hvort það ætlar að nýta sér vilyrðið, um úthlutun lóðarinnar/lóðanna innan þriggja ára frá dagsetningu auglýsingar á samþykktu deiliskipulagi í B-deild Stjórnartíðinda. Sæki fyrirtækið ekki um úthlutun á lóðinni, innan þess tíma fellur vilyrðið niður, nema ef óskað er eftir framlengingu fyrir lok gildistíma vilyrðisins.
6. Óski GADC ehf. eftir framlengingu á þessu lóðarvilyrði um önnur 3 ár gildir að greitt er kr. 1.000 fyrir hvern samþykktan byggingarfermetra sem þá á eftir að byggja, samkvæmt samþykktu deiliskipulagi um lóðina, á hverju ári. Greiðslufyrirkomulagi og áskilnaði um greiðslu verður háttáð á sama veg og að framan greinir.
7. Komi til úthlutunar lóðar/lóða, gengur greiðsla á lóðarvilyrðinu, fyrir sama fjölda byggingarfermetra og úthlutað er, upp í álögð gatnagerðargjöld vegna lóðarinnar. Greiðsla fyrir lóðarvilyrðið er að öðru leyti óafturkræf.
8. Greitt verður gatnagerðargjald fyrir lóðina/lóðirnar auk markaðsverðs á byggingarrétti sem getur verið ákveðið fast verð skv. gjalskrá eða ákveðið markaðsverð síðar þegar lóðir hafa hlotið staðfestingu í deiliskipulagi. Gjald dagi gatnagerðargjalds er dagsetning tilkynningar til lóðarhafa um úthlutun eða sölu lóðar, eindagi er 45 dögum síðar.

Reykjavík 13. febrúar 2017.


Samþykkur f.h. Reykjavíkurborgar
samkvæmt samþykkt borgarráðs dags. 2. MAR 2017


Samþykkur f.h. Green Atlantic Data Centers ehf.

Vottar að rétti undirskrift, dagsetningu og fjárræði:


Kt. 


Kt. 